



E 5/2018

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærnefndin
Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifleg fyrirspurn um aðgerðir til að draga úr matarsóun

Norðurlandaráð hefur á undanförunum árum samþykkt fjölda tilmæla til að stuðla að norrænu samstarfi um aðgerðir til að draga úr matarsóun. Á fundi sínum í Stokkhólmi 24. janúar 2018 ræddi nefndin hvernig mætti halda þessu starfi áfram.

Nefndin hefur m.a. veitt mikla athygli frétt frá samtökunum *WRAP (The Waste and Resources Action Programme)* sem tilgreinir að þær aðgerðir sem hafa verið innleiddar í Bretlandi til að bæta merkingu matvæla hafi átt sinn þátt í að draga úr matarsóun árið 2015 sem nemur 150.000 tonnum.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

1. Eru til tölulegar upplýsingar um árangur ólíkra aðgerða á Norðurlöndum til að draga úr matarsóun?
2. Hefur Norræna ráðherranefndin kannað hvort árangursríku aðgerðirnar í Bretlandi gegn matarsóun, sem vísað er til hér á undan, mætti aðlaga og framkvæma hér á Norðurlöndum?

Stokkhólmi, 24. janúar 2018

Fyrir hönd Norrænu sjálfbærnefndarinnar

Lars Tysklind (L), formaður Norrænu sjálfbærnefndarinnar*Karin Gaardsted (S)*, varaformaður Norrænu sjálfbærnefndarinnar